



## 2. fundur aðalstjórnar Umf. Selfoss

haldinn í Tíbrá miðvikudaginn 6. september 2017 kl. 18:15.

---

**Mætt eru:** Guðmundur Kr. Jónsson (GKJ) formaður, Jóhann Helgi Konráðsson (JHK), Viktor S. Pálsson (VSP), Ingibjörg Garðarsdóttir (IG), Helgi Sigurður Haraldsson (HSH), Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson (ÞRÁ) varamaður fyrir Magnús Matthíasson, Adólf Ingva Bragason (AIB), Guðmundur Gústafsson (GG), Guðmundur Pálsson (GP) og Ófeigur Ágúst Leifsson (ÓÁL). Auk þess sátu fundinn Aðalbjörg Skúladóttir (AS) bókari og Gissur Jónsson (GJ) framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð.

**Forföll boðuðu:** Hjalti Þorvarðarson og Sverrir Einarsson.

**Fjarverandi voru:** Þórdís Rakel Hansen og Árni Steinarsson.

### 1. Fundargerð aðalstjórnar

- 1. fundargerð aðalstjórnar frá 3. maí 2017 staðfest.

### 2. Fundargerð framkvæmdastjórnar

- 1. fundargerð framkvæmdastjórnar frá 14. júní 2017 lögð fram.

### 3. Fundargerð af fundi starfsfólks Umf. Selfoss

- Fundargerð fundar með starfsfólki Umf. Selfoss frá 4. september 2017 lögð fram.

### 4. Þjónusta á skrifstofu Umf. Selfoss

- Aðalstjórn beinir því til deilda að nýta sér þá þjónustu sem í boði er á skrifstofu félagsins.
- Mikilvægt að lista upp verkefni sem hægt er að leita aðstoðar við á skrifstofu félagsins. Framkvæmdastjóra falið að fastsetja námskeið með gjaldkerum á vordögum.

### 5. Þjónustusamningur við Sveitarfélagið Árborg

- Fundað var með bæjarstjórn 21. ágúst 2017 þar sem lagðar voru fram hugmyndir að fimm ára þjónustu- og rekstrarsamningum Umf. Selfoss og Sveitarfélagsins Árborgar.

### 6. Val á íþróttafólk Umf. Selfoss

- Framhald á umræðu frá seinasta fundi aðalstjórnar.
- Samþykkt að halda verðlaunahátíð Umf. Selfoss í desember.

## **7. Ritnefnd Braga – ársrit Umf. Selfoss**

- Framkvæmdastjóra falið að skipa nefndina.

## **8. Aðstoð við iðkendur með sérþarfir**

- Áréttað var samstarfsverkefni með Sveitarfélaginu Árborg varðandi aðstoð við iðkendur með sérþarfir á æfingum hjá Umf. Selfoss. Framkvæmdastjóri fór yfir ferli sem þarf að fara í gegnum til að nýta sér aðstoðina.
- ÓÁL sagði frá verkefni á vegum taekwondodeildar sem snýr að þjálfun iðkenda með sérþarfir.

## **9. Sjóðir á vegum íþróttahreyfingarinnar**

- Minnt á að sækja um í sjóði á vegum íþróttahreyfingarinnar en umsóknarfrestur rennur út um næstkomandi mánaðarmót.
  - Íþróttasjóður ríkisins hjá Rannís
  - Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ
  - Fræðslu- og verkefnasjóður HSK

## **10. Sex mánaða uppgjör Umf. Selfoss**

- Lagt fram til kynningar og umræðu.
- HSH veltir fyrir sér hvaða leiðir deildir noti til að ákveða breytingu á æfingagjöldum.
- AIB fer yfir að knattspyrnudeild hafi á seinasta ári ákveðið að efla þjálfun hjá deildinni sem hafi m.a. verið fjármagnað með hækkun æfingagjalda.
- GG segir stefnu mótokrossdeildarinnar að æfingagjöld standi undir launakostnaði þjálfara.
- IG það eru misjafnar forsendur fyrir því að breyta æfingagjöldum en ljóst að hækkanir fimleikadeildarinnar taka mið af kjarasamningum.
- Framkvæmdastjóra falið að taka saman forsendur deilda fyrir breytingum á æfingagjöldum milli ára.
- Aðalstjórn Umf. Selfoss hvetur Sveitarfélagið Árborg til að hækka frístundastyrk til samræmis við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Mun það bæði vinna að fjölgun barna í íþrótt- og frístundastarfi með því að jafna kostnaðarþátttöku foreldra.

## **11. Fjáraflanir deilda**

- AIB fylgdi því úr hlaði að samstarf deilda um fjáraflanir væri mjög gott en mikilvægt væri að ákvörðun um fjáraflanir verði ávallt bornar undir stjórn viðkomandi deildar.

**Fundargerð upplesin og staðfest.  
Fundi slitið klukkan 19:40.**